

27. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptsyfirvaldanna á Íslandi, um styrk úr spítalasjóðnum til að koma upp sjúkrahúsi í Reykjavík. 1866.
27. febrúar.

Með bréfi dagsettu 2. nóvembermán. f. á., hafði þér, herra stiptamtmaður, og þér, háæruverðugi herra, sent hingað bænarskrá frá forstöðunefnd félagsins til þess að koma upp sjúkrahúsi í Reykjavík; er þar beðið um, að veittur verði fyrst um sinn í 5 ár 600 ríkisdala styrkur á ári úr spítalasjóðnum eða einhverjum öðrum sjóði til að koma upp sjúkrahúsi þessu. Þér hafði skýrt frá álitum yðar um, hvernig koma eigi áformi þessu fram, og um áætlun, er forstöðunefndin hefir samið um gjöld sjúkrahússins á síðan, — í áætluninni vantar samt, að því er oss virðist, að tekið sé fram, hvernig nefndin hugsar sér að haga læknisumsjón þeirri, er með þarf — og hafði þér mælt fram með, að félaginu séu gefnir úr ríkissjóðnum 1000 rd. til að kaupa fyrir áhöld og annað sem verður að fylgja sjúkrahúsinu, eða ef það fæst ekki, að félaginu þá verði veitt úr spítalasjóðnum jafnstórt lán leigulaust, er ekki verði sagt upp, meðan sjúkrahúsið stendur, og sem hús félagsins séu sett í veð fyrir með fyrsta veðsetningarrétti, og að félaginu þar að auki sé veittur 400 ríkisdala styrkur á ári í 5 ár af tekjum Kaldaðarness spítala, sem búið er að taka af.

Það gat nú ekki verið umtalsmál að útvega neinn styrk úr ríkissjóðnum handa sjúkrahúsi þessu eptir reglum þeim, sem fylgt er í því efni, en samkvæmt þegnlegum uppástungum dómsmálastjórnarinnar hefir hans hátign konunginum þóknazt 26. þ. m. allramildilegast að fallast á, að félaginu til að koma upp sjúkrahúsi í Reykjavík sé veitt úr hinum íslenska lækna sjóði bæði 1000 ríkisdala lán leigulaust í 5 ár, er ekki verði sagt upp af hálfu lánardrottins, þannig að hús félagsins séu veðsett fyrir láninu með fyrsta veðsetningarrétti, og leigur borgaðar af því, 4 af 100, eptir að 5 ár eru liðin, og 400 ríkisdala styrkur í 5 ár.

Þessi konungsúrskurður er yður hér með kunngjörður, og skal því við bætt, að þar sem dómsmálastjórnin tók fram, þá er

1866.

27. febrúar.

hún bar málið upp fyrir konungi, að sjá yrði um, að fæ þetta væri ekki greidd af höndum, nema víst sè, að sjúkrahúsið komist á fót, og það verði svo úr garði gjört, að það samsvari tilganginum, vonumst vèr eptir að fá frá yður ítarlegri skýrslu og uppástungur um þetta atriði.

27. febrúar.

28. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptyfirvaldanna á Íslandi, um sölu á bókum prentsmiðjunnar og skil fyrir þeim.

Með bréfi dagsettu 7. ágústmán. f. á. hefir stiptamtið og þér, háæruverðugi herra, sent hingað skjal frá Einari Þórdarsyni, forstöðumanni stiptyprentsmiðjunnar í Reykjavík. Í því ber hann sig upp undan, að þá er reikningar prentsmiðjunnar hafi verið yfir skodaðir, hafi hvað eptir annað verið gjörð sú útásetning, að hann hafi reiknað sèr sölulaun af öllu því, sem hann á ári hverju hefir sent út um landið af bókum þeim, sem prentaðar hafa verið á kostnað prentsmiðjunnar, í stað þess að reikna þau að eins af þeirri upphæð, sem hefir runnið inn í sjóð prentsmiðjunnar fyrir þær, og líka undan því, að honum hefir verið gjört að skyldu í úrskurði um prentsmiðjureikninginn fyrir árið 1861, að láta reikningnum fylgja prentuð eyðublöð, er honum hafa verið send í því skyni, og hann og hinir bókasölumennirnir eiga að fylla eins og vera ber. Með því að hann ekki treystir sèr til að fullnægja skipun þeirri, er nú var nefnd, hefir hann sókt um að mega losast við að standa framvegis fyrir sölunni á bókum þeim, sem prentsmiðjan gefur út á sinn kostnað, nema því að eins, að gjörðar verði breytingar á reglum þeim, sem settar hafa verið um bókasöluna, eins og nú hefir sagt verið. Stiptamtið og þér, háæruverðugi herra, hafið þar að auki skotið til atkvæða dómsmálastjórnarinnar, hvort ekki muni vera tilefni til að breyta ákvörðuninni um hin fyrir skipuðu eyðublöð vegna þess, hversu erfitt er, eptir því hvernig ástatt er á Íslandi, að haga bókasölunni, eins og lagt hefir verið fyrir.